



VÍÐISTAÐASKÓLI

ÁBYRGÐ – VIRÐING – VINÁTTA

UMBÓTAÁÆTLUN

YTRA MAT

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu ¹	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið I - Stjórnun og fagleg forysta²					
<ul style="list-style-type: none"> Virkja foreldra við endurskoðun á skólareglum. 	Hnappur kominn á heimasíðu þar sem foreldrar geta tjáð sig og komið með fyrirspurnir, hugmyndir og ábendingar varðandi skólareglur og skólastarfið almennt. Skólaþing verður haldið 12. mars þar sem fjallað verður um ýmsa þætti skólastarfsins. Skólareglur skólans eru ræddar í skólaráði árlega þegar starfsáætlun er yfirfarin.	Vor 2020	Vor 2020	Stjórnendur	Hnappur er nú þegar kominn á heimasíðu skólans. Skólaþing Skólaráðs verður 12. mars þar sem fjallað verður um skólareglur skólans. Skólaráð með fulltrúum foreldra koma að breytingum á skólareglum þegar þær eru til umræðu hverju sinni.
<ul style="list-style-type: none"> Birta nánari skýringar á skertum dögum í skóladagatali 	Fylgiskjal með útskýringum á dögum mun fylgja með skóladagatalinu á heimasíðu skólans næsta skólaár.	Vor 2020	Apríl 2020	Skólastjóri	Kynnt skólaráði í febrúar/mars. Verður birt með skóladagatali 2020-2021 á heimasíðu og kynnt eins og áður fyrir foreldrum á haustfundi.
<ul style="list-style-type: none"> Skrá verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila. 	Verklagið er skráð í starfsáætlun skólans. Niðurstöður kannana og innra mats er birtar á heimasíðu skólans. Helstu þættir birtir í skólablaði skólans sem kemur út tvisvar á ári.	Vor 2020	Vor 2020	Stjórnendur	Verklag er skráð í starfsáætlun skólans og endurmetið á hverju ári. Skýsla Skólavogarinnar birt á heimasíðu að hausti ásamt starfsáætlun með nýjustu niðurstöðum skólapúlsins.

¹ Skólar gætu einnig viljað leggja áherslu á að þróa og viðhalda styrkleikum.

² Bætið við línunum eftir þörfum.

	Niðurstöður kynntar fyrir starfsfólki, fulltrúum skólaráðs, matsteymis og nemendum.				Niðurstöður kynntar fyrir skólaráði, matsteymi, starfsmönnum og nemendum. Helstu niðurstöður birtar skólablaði skólans.
<ul style="list-style-type: none"> Efla enn frekar samstarf við foreldra og finna, í samráði við þá, leiðir til að fá fram þeirra tillögur og hugmyndir til eflingar skólastarfs. 	Hnappur hefur verið settur nú þegar á heimasíðu skólans þar sem foreldrar geta komið með hugmyndir og ábendingar er varða skólastarfið. Opinn fundur skólaráðs - skólaþing fyrir foreldra er ár hvert nú 12. mars.	Vorönn 2020	Júní 2020	Skólastjórnendur/skólastjóri	Hnappur hefur nú þegar verið settur á heimasíðu skólans. Fylgst með notkun á þessum möguleika og endurskoðað ár hvert. Farið yfir framkvæmd og hvernig til tókst á skólaþingi á fundi skólaráðs eftir þingið.
<ul style="list-style-type: none"> Kjósa fulltrúa allra hagsmunahópa í skólaráð samkvæmt reglugerð. 	Foreldrar verða kosnir á aðalfundi Foreldrafélagsins í maí 2020. Nemendur í 9. og 10. bekk verða kosnir að hausti 2020.	Vorönn 2020	September 2020	Skólastjóri	Kosning í stjórn skólaráðs fer fram á aðalfundi Foreldrafélagsins í maí ár hvert. Kennarar og aðrir starfsmenn eru kosnir á starfsmannafundi í skólaráð í maí og nemendur að hausti.
<ul style="list-style-type: none"> Skólaráð haldi minnst einn opinn fund um skólamál fyrir skólasamfélagið á ári. 	Skólaráð verður með opinn fund/skólaþing í mars 2020 og ár hvert.	12. mars 2020	12. mars 2020	Skólastjóri	Metið eftir þingið hvernig til tókst.
<ul style="list-style-type: none"> Skoða skipulag forfallakennslu. 	Skipulag forfallakennslu er í sífelldri endurskoðun. Reynt er að leysa forföll eins og kostur er hverju sinni og upplýsa starfsmenn.	Vorönn 2020	Vorönn 2020	Aðstoðarskóla stjórnar	Skipulag forfallakennslu er endurskoðað reglulega og reynt að ráða fólk sérstaklega í forföll. Lögð er áhersla á að leysa forföllin og er það gert í samvinnu við kennara hverju sinni.
<ul style="list-style-type: none"> Efla enn frekar markvisst mat stjórnenda á kennsluháttum. 	Skólastjórnendur fara markvisst í kennslustundir með matslista sem er notaður í innlit og er heimsókn fylgt eftir með endurgjöf í formi samtals við kennara. Að auki eru fundir	Vorönn 2020	Vorönn 2020	Stjórnendur	Febrúar: Innlit í kennslustundir hjá kennurum og samtal um hvernig til tókst. Mars: Stjórnendur ræða við kennara í sama árgangi um kennsluhætti og samstarf. Apríl: Frammistöðumat í starfsmannasamtölum og kennsluhættir

	með skólastjórnendum og árgangateymi til að ræða kennsluhætti og kennsluefni.				ræddir. Upplýsingar teknar saman og kynntar að vori á starfsmannafundi.
<ul style="list-style-type: none"> Bæta upplýsingaflæði vegna forfalla starfsmanna í samráði við þá. 	Daglega er hengdur upp listi á skrifstofum á báðum starfsstöðvum yfir þá starfsmenn sem eru fjarverandi. Stefnt er að því að fá upplýsingaskjá í skólann.	3. janúar 2020	3. júní 2020	Skólastjórnendur/ritarar	Listi yfir forföll starfsmanna hangir daglega á skrifstofu og er aðgengilegur starfsfólki. Stefnt er að því að fá upplýsingaskjá á kaffistofu og í anddyri.
<ul style="list-style-type: none"> 					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið II – Nám og kennsla					
<ul style="list-style-type: none"> Auka val nemenda til samræmis við kröfur aðalnámskrár. 	Farið yfir viðmiðunarstundaskrá út frá valtímum fyrir næsta skólaár. Gerð grein fyrir samþættingu greina í skólanámskrá/kennsluáætlunum. Boðið verður upp á valtíma út frá áhugasviði á miðstigi.	Apríl 2020	Ágúst 2020	Skólastjórnendur	Valáfangar endurskoðaðir þannig að þeir séu fimmtungur af námi nemenda. Bætt verður við valgreinum á miðstigi út frá áhugasviði nemenda.
<ul style="list-style-type: none"> Gera grein fyrir í námsvísunum hvernig samþættingu list- og verkgreina við aðrar greinar á miðstigi er háttað og tengja við hæfniviðmið aðalnámskrár 	Gerð verður grein fyrir samþættingu list- og verkgreina við aðrar greinar í skólanámskrá á miðstigi. Einnig verða námsgreinarnar tengdar markvisst við hæfniviðmið aðalnámskrár.	Vor 2020	október 2020	Skólastjórnendur og kennarar	Endurskoðað á hverju ári við yfirferð á námskrá og kennsluáætlunum.
<ul style="list-style-type: none"> Gera betur grein fyrir námsaðlögun í kennsluáætlunum og námsvísunum og einnig tengslum markmiða kennslu við aðalnámskrá. 	Fara yfir námskrá og kennsluáætlanir m.t.t. hvernig námsaðlögun einstakra nemenda eða hópa er háttað í samhengi við markmið aðalnámskrár og gera betur grein fyrir þeim.	Vor 2020	Október 2020	Stjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, kennarar	Fylgja eftir hvernig gerð er grein fyrir námsaðlögun nemenda og hópa í kennsluáætlunum og skólanámskrá út frá markmiðum aðalnámskrár ár hvert.
<ul style="list-style-type: none"> Efla fjölbreytni í kennsluháttum og virkni nemenda, til dæmis með aukinni samvinnu og markvissum samræðum. 	Í Víðistaðaskóla er verið að innleiða teymiskennslu sem leiðir til fjölbreyttari kennsluhátta, hringekjuvinnu og ýmiskonar hópastarfi.	Vorönn 2020	Október 2020	Skólastjórnendur og kennarar	Lögð verður áhersla á aukna hóp- og paravinnu í kennslustundum. Unnið er að frekari þróun kennsluhátta með innleiðingu teymiskennslu.

	Lögð verður aukin áhersla á samvinnu nemenda og samræðu sem hluta af náminu.				
<ul style="list-style-type: none"> Þjálfa nemendur markvisst í fjölbreyttum námsaðferðum þar sem þeir eiga kost á því að velja námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námsstíl. 	Sérstök áhersla verður á námstækni í 4.6.9. árgangi á hverju hausti. Námsráðgjafar leiða vinnuna í samstarfi við kennara.	Vorönn 2020	Október 2020	Námsráðgjafar og kennarar	Nemendur öðlist hæfni til að velja þá námsaðferð sem hentar þeim best. Þeir þekki mismunandi aðferðir t.d. við lestur eins og gagnvirkur lestur, hugtakakort og fleira.
<ul style="list-style-type: none"> Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna og viðmiðum um árangur. 	Kennarar setji skýrt fram markmið með hverri kennslustund eða verkefnum og tengi þau viðmiðum um árangur sem sett hafa verið. Markmið eru sýnileg í kennsluáætlunum ásamt viðmiðum um árangur.	Vorönn 2020	Október 2020	Skólastjórnendur og kennarar	Stjórnendur fara í innlit í kennslustundir með matsblað þar sem fylgst er með hvort nemendur séu upplýstir um markmið verkefna eða kennslustunda. Eftirfylgni í formi frammistöðuviðtals við kennara. Niðurstöður Skólapúls skoðaðar hvað þetta varðar.
<ul style="list-style-type: none"> Nýta nám og námsaðstæður enn betur þannig að það styðji við sköpunarþörf nemenda og nýta námsumhverfið betur á fjölbreyttan hátt í kennslu. 	Með teymiskennslu er unnið með minni námshópa í fjölbreyttum kennslurýmum. Endurskoðuð verður töflugerð m.t.t. teymiskennslu og samfelldari vinnulota. Kennslurými eru nú þegar í endurskipulagningu og verið að endurnýja og raða upp í stofur með	Vorönn 2020	Október 2020	Skólastjórnendur og kennarar	Jafningjastuðningur í átt að fjölbreyttari kennsluháttum. Unnið í anda lærdómssamfélags sem styður kennara í þróun kennsluhátta.

	tillit til meiri hópavinnu og fjölbreyttari nýtingar á námsumhverfinu.				
<ul style="list-style-type: none"> Kenna nemendum að setja sér markmið í námi og virkja foreldra með í setningu einstaklingsbundinna námsmarkmiða. 	Kennari aðstoðar nemendur við að setja sér markmið í völdum námsþáttum. Nemendur og kennari ræða markmiðin við foreldra í samtali að hausti. Stefnt að því að taka fyrstu skrefin í vor.	Vorönn 2020	Október 2020 og þróað áfram	Skólastjórnendur, kennarar, foreldrar og námsráðgjafar	Markmiðssetningin verður kynnt fyrir foreldrum og nemendum á haustfundum. Skoðaðar verða niðurstöður Skólapúls varðandi markmiðssetningu.
<ul style="list-style-type: none"> Nýta betur áhugasvið og hæfileika nemenda í kennslu og hafa þau sýnileg í verkefnum. 	Lögð verður aukin áhersla á val eftir áhugasviði, hópavinnu (PBL) og teymiskennslu sem styður við svona vinnulag. Í mars er hæfileikakeppni á miðstigi sem tengist áhugasviði og hæfileikum nemenda.	Vorönn 2020	Nóvember 2020	Kennarar	Tryggt verður að framboð á vali nemenda verði fjölbreytt.
<ul style="list-style-type: none"> Nýta upplýsinga- og samskiptatækni enn betur í námi og kennslu í samræmi við stefnu skólans. 	Að styðja kennara til þess að nýta kosti upplýsinga- og samskiptatækni til kennslu. Mentabúið fyrir starfsfólk í UT í ágúst.	Vor 2020	Í ágúst 2020	Stjórnendur, deildarstjóri UT og kennarar	Metið í skólapúlsi, samtali við kennara og innliti.
<ul style="list-style-type: none"> Efla fjölbreytt námsmat og tengja það betur markmiðum náms og hæfniviðmiða. 	Innleiðing á leiðsagnarmati verður haldið áfram. Fyrirlestur í ágúst.	Vor 2020	Ágúst 2020	Stjórnendur og kennarar	Eftirfylgni deildastjóra með námsmati á sínum stigum.
<ul style="list-style-type: none"> Kynna aðkomu nemenda í ráðum og nefndum betur fyrir öðrum nemendum og gera upplýsingar um 	Stjórn nemendafélagsins kynnir hverjir eru í ráðum og nefndum að hausti. Ráð og nefndir og hlutverk þeirra eru kynnt á heimasíðu skólans ásamt fundagerðum.	Vorönn 2020	Október 2020	Stjórnendur	Nefndir, ráð og hlutverk nemenda kynnt að hausti. Nemendafélag kynnir fyrir nemendum.

ákvarðanir þeirra öllum aðgengilegar					
<ul style="list-style-type: none"> Skoða hvort þörf sé á meiri sveigjanleika í stundatöflum varðandi teymiskennsluna. 	Töflugerð aðlöguð að teymiskennslu.	Vorönn 2020	Haust 2020	Stjórnendur	Í stundatöflugerð verður lögð áhersla á skipulag teymiskennslu og lengri kennslulotur.
<ul style="list-style-type: none"> Skoða þörf á aukinni stoðþjónustu, þar með talið þjónustu þroskaþjálfara. 	Meta að vori árangur teymiskennslu og vinnu með minni námshópa og skoða þörf á þjónustu fagfólks.	Vorönn 2020	Haust 2020	Stjórnendur, deildarstjóri sérkennslu og kennarar	Meta árangur náms að vori og líðan barna með tilliti til stoðþjónustu. Endurskoða leiðir og áherslur úthlutun.
<ul style="list-style-type: none"> Skoða hvort efla þurfi kynfræðslu á unglíngastigi. 	Ákveðið að fá fyrirlestur um kynfræðslu í febrúar 2020 og námsefni í lífsleikni hefur verið endurskoðað m.a. út frá kynfræðslu.	Vor 2020	Júní 2020	Stjórnendur og kennarar	Eftirfylgni með kennslu í kynfræðslu á unglíngastigi skv. námskrá í lífsleikni.
<ul style="list-style-type: none"> 					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> Vinna heildstæða matsáætlun til lengri tíma þar sem matsþættir eru settir fram og tilgreint er hvenær þeir eru metnir nokkur ár fram í tímann. 	Langtíma áætlun um mat á skólastarfi til 3 ára er komin á heimasíðu skólans undir mat á skólastarfi.	Vor 2020	Haust 2020	Skólastjórnendur og innramatstreymi	Matsáætlun fylgt eftir og endurskoðuð árlega af matstreymi.
<ul style="list-style-type: none"> Vinna matsáætlun fyrir skólaárið þar sem fram kemur hvaða þætti á að meta og hvernig þeir tengjast markmiðum skólans, hvernig meta eigi, hvenær og hver ber ábyrgð á framkvæmdinni. 	Endurskoðuðu verður matsáætlun fyrir næsta skólaár þar sem fram kemur hvað á að meta, tengingu við markmið skólans og hvernig verði metið og hvenær. Einnig kemur fram hver ber ábyrgð á framkvæmdinni.	Vor 2020	Júní 2020	Skólastjórn/matstreymi	Áætlun yfirfarin á fundi matsteymis í október.
<ul style="list-style-type: none"> Velja matsþætti með skýrum hætti út frá stefnu og markmiðum skólans þannig að metið sé hvernig gengur að ná þeim markmiðum sem sett eru. 	Matsþættir valdir út frá stefnu og markmiðum skólans. Sett viðmið um árangur og þau metin árlega.	Vor 2020	Júní 2020	Skólastjórnendur og umbótateymi skólans.	Matþættir yfirfarnir að vori.
<ul style="list-style-type: none"> Kynna niðurstöður úr Skólapúlssi fyrir nemendum. 	Niðurstöður úr skólapúlssi kynntar í janúar ár hvert fyrir nemendum og að vori.	Vor 2020	Janúar 2021	Skólastjórnendur	Fylgst með út frá ársverkefnum.
<ul style="list-style-type: none"> Æskilegt væri að vinna sérstaka greinargerð um 	Unnin verður sérstök matsskýsla að vori og sett á heimasíðu.	Vor 2020	Júní 2020	Skólastjórnendur	Birt á heimasíðu skólans í júní'a.

helstu niðurstöður innra mats og birta á heimasíðu.					
<ul style="list-style-type: none"> Taka saman helstu styrkleika og tækifæri út frá matsniðurstöðum og fjalla um hvernig gengið hefur að vinna að markmiðum skólans. 	SVÓT greining unnin á starfsmannafundi út frá markmiðum skólans, starfsmannasamtölum og völdum þáttum úr Skólapúls.	Vor 2020	Í lok maí 2020	Skólastjórnendur	Birt á heimasíðu skólans í júní.
<ul style="list-style-type: none"> Gera umbótaáætlun þar sem unnið er áfram með þá þætti sem ekki stóðust sett viðmið. Í áætluninni þarf að setja fram markmið, umbótaaðgerðir, tímasetningar, ábyrgðaraðila og hvernig metið verður hvernig til tekst með umbætur. 	Gerð verður umbótaáætlun sem er hluti af starfsáætlun og kynnt.	Vor 2020	Júní 2020	Skólastjórnendur	Birt á heimasíðu skólans í júní
<ul style="list-style-type: none"> 					

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið IV – Skólabragur					
<ul style="list-style-type: none"> Móta heildstæða stefnu um jákvæðan skólabrag fyrir starfsfólk á sama hátt og gert hefur verið fyrir nemendur. 	Heildstæð stefna um jákvæðan skólabrag unnin fyrir starfsfólk og byggð á starfsmannastefnu Hafnarfjarðar.	Vor 2020	Vor 2020	Skólastjórnendur	Vistuð á sameign starfsfólks skólans og í starfsmannahandbók.
<ul style="list-style-type: none"> Bæta í skólanámskrá hvernig unnið er með skipulögðum hætti að því að efla tilfinningaþroska, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda og tengja það inn í lífsleiknina með kennsluáætlunum og markvissri kennslu í öllum árgöngum. 	Unnin var ný skólanámskrá í lífsleikni á öllum stigum og inn í hana eru tengdir eftirfarandi þættir; geðvernd, að efla tilfinningaþroska, samkennd, félagsfærni, sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd nemenda og allt það sem á að vera skv. Aðalnámskrá grunnskóla. Gerð var heildræn stefna í lífsleikni og kennsluáætlanir.	Janúar 2020	Október 2020	Skólastjórnendur og kennarar	Námskrá og kennsluáætlanir birtar á heimasíðu skólans á hverju hausti.
<ul style="list-style-type: none"> Tryggja að lýðræði endurspeglar í kennsluháttum og virkni nemenda t.d. með aukinni áherslu á samræðu, samvinnu, val um verkefni og því að nemendur setji sér markmið. 	Sjá ofar varðandi markmiðssetningu nemenda og breytta kennsluhætti. Einnig aukið val út frá áhugasviði nemenda sérstaklega á mið- og unglingsstigi.	Vor 2020	Október 2020	Skólastjórnendur og kennarar	Birtist í námskrá og kennsluáætlunum á heimasíðu skólans hvert haust.

<ul style="list-style-type: none"> Æskilegt væri að hafa nemendasamtöl og fasta bekkjarfund til hvatningar og endurgjafar fyrir nemendur. 	Ákveðið hefur verið að hafa tvisvar á ári einstaklingssamtöl við nemendur og verða bekkjarfundir mánaðarlega a.m.k.	Vor 2020	Haust 2020	Kennarar og skólastjórnendur	Verklagi fylgt eftir á deildarfundum.
<ul style="list-style-type: none"> Flétta þarf forvarnaráætlun skólans inn í skólastarfið með áætlunum um hvað taka eigi fyrir. 	Lokið hefur verið við að tengja forvarnaráætlun inn í námskrá í lífsleikni.	Janúar 2020	September 2020	Kennarar og skólastjórnendur	Birt árlega í skólanámskrá og kennsluáætlun.
<ul style="list-style-type: none"> Tryggja gerendum í eineltismálum viðeigandi stuðning og móta markvisst ferli fyrir það. 	Bætt inn í eineltisáætlun að gerendur fái aðstoð eins og þolendur.	Janúar 2020	Mars 2020	Stjórnendur og námsráðgjafar	Eineltisáætlun birt á heimasíðu skólans.
<ul style="list-style-type: none"> Gæta þarf að því að viðurlög við skólareglum séu í samræmi við ákvæði í reglugerð, ýti undir bættu hegðun og styrki sjálfmynd nemenda. 	Unnið er skv. reglum SMT skólafærni og stefnu bæjarins að jákvæðum skólabrag með áherslu á að styrkja hið jákvæða í fari nemenda. Leiðarljós skólans eru höfð í heiðri í skólastarfinu. Ábyrgð – Virðing - Vinátta	Janúar 2020	Vor 2020	Stjórnendur, SMT teymi skólans og kennarar	Kynnt á haustin á fundum fyrir öllum hagsmunaaðilum skólans. Birt á vefsíðu skólans.
<ul style="list-style-type: none"> Skoða hvort skipulag skólalóðar hvetji nemendur til hreyfingar og hvort auka þurfi úrval leiktækja. 	Farið verður yfir skólalóð sumar 2020 og bætt við leiktækjum.	Vor 2020	September 2020	Bæjaryfirvöld og skólastjórnendur	Eftirlit með skólalóð.
<ul style="list-style-type: none"> Setja fram upplýsingar á heimasíðu um lausnateymi og þá verkferla sem farið er eftir. 	Upplýsingar um lausnateymi settar á heimasíðu skólans.	Janúar 2020	Mars 2020	Skólastjórnendur og lausnateymi SMT	Birt á heimasíðu skólans.